



Reykjavík, 10. júní 2024

USK24010096

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að kannað verði hvort hægt sé að greiða samhliða fyrir bílastæði í bílastæðahúsi og hleðslu rafbíls

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hægt verði að greiða samhliða fyrir bílastæði í bílastæðahúsi og hleðslu rafbíls. Í dag þarf að greiða í sitthvoru lagi fyrir þessa þjónustu en kostur væri ef hægt væri að gera þetta tvennt samtímis þegar bíll er sóttur í bílastæðahús. Þetta myndi spara umstang og einfalda notkun vistvænni samgöngumáta sem rafbílur eru.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 17. janúar 2024.

Umsögn:

Núverandi kerfi í bílahúsum er þannig að númeraplötur eru lesnar rafrænt og er svo borgað fyrir notkun. Hleðslustöðvarnar eru reknar á öðru kerfi þar sem gjald er innheimt fyrir notkun á rafmagni.

Þó að mögulega yrði hægt að koma upp kerfi þar sem borgað er samhliða fyrir notkun á bílahúsi og rafmagni er kostnaðurinn við að setja upp slíkt kerfi svo mikill að óvíst er að ávinningurinn væri nægilega mikill svo tilefni sé til að breyta kerfinu til muna.

Þó svo að hægt væri að borga samhliða fyrir notkun stæðis og rafmagn þá þyrfti alltaf að skrá sig sérstaklega í rafhleðslu. Ekki er séð að það sé mikil þjónustubæting að borga fyrir rafhleðslu samhliða bílahúsinu frekar en að borga fyrir rafmagn þegar hleðslu er lokið t.a.m. með sérstökum lykli. Ef borga á fyrir þessa notkun samhliða væri Bílastæðasjóður að selja rafmagn í rafhleðslu. Hentugra er að slík þjónusta sé útvistuð til aðila sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu fremur en að Bílastæðasjóður sé að taka á sig hlutverk raforkusala.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin berst.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík